til þingsályktunar um póstflutninga.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka og gera kostnaðaráætlun fyrir næsta þing um skipulagsbreytingu á póstflutningi hjer á landi, þar sem hringferðir landpóstanna legðust niður, en í þess stað yrði póstur fluttur á hálfs mánaðar fresti frá aðalhöfnum um næstu bygðir.

Greinargerð.

Hinar seinfæru póstgöngur hjer á landi eru eitt af meiriháttar meinum þjóðfjelagsins. Nú á síðustu árum hefir landið eignast allmikinn skipastól, þannig að samgöngur á sjó með ströndum fram eru orðnar betri og vissari en nokkurntíma áður. Er þá eðlilegt, að hringferðir landpóstanna leggist niður, en í þess stað verði pósturinn fluttur með skipunum milli aðalhafna, og síðan um nærliggjandi bygðir. Ætti þetta að vera í einu ódýrara og hentugra. Þegar stutt á að flytja, mætti leggja niður hin þungu trjekoffort og flytja póstinn í töskum og seglpokum, eins og nú er lítillega byrjað á sumstaðar. Væri að því mikill sparnaður fyrir landssjóð. Full vissa er og fengin fyrir því, að með útboði um póstflutninginn annað og þriðja hvert ár má þrýsta mikið niður kostnaðinum við landflutninginn. Hjer er ekki gert ráð fyrir, að landsstjórnin skipi sjerstaka nefnd til að undirbúa málið, heldur að hún fái til þess aðstoð póstmannanna í þjónustu landsins.